REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 86/1998, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

1. gr.

Á eftir orðinu „þróunarlöndin“ í 2. málsl. 2. gr. reglugerðarinnar komi: tvíhliða og á fjölþjóðlegum vettvangi.

2. gr.

Á eftir orðinu „þróunarsamvinnumálum“ í fyrri málslið 4. gr. reglugerðarinnar komi: bæði á tvíhliða og marghliða grundvelli.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 7. gr. reglugerðarinnar:

a. Í fyrri málslið greinarinnar falli brott orðliðurinn: þróunaraðstoðar.
b. Í stað orðsins „málsmeðferð“ í síðari málslið greinarinnar komi: stöðu.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er í samræmi við 9. gr. laga nr. 43/1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands, öðlast gildi við birtingu.

Utanríkisráðuneytinu, 26. september 2005.

Davíð Oddsson.

Sigríður Snævarr.

13. september 2005 Nr. 892

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 952/2002, um framhaldsnám við hugvísindadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Fjórði og fimmti málsliður 1. mgr. 14. gr. breytast og verða svohljóðandi: Umsóknirnar fara síðan til afgreiðslu í viðkomandi skor, og viðkomandi fagráði ef meistaranám er á hendi fleiri en einnar skorar. Skor eða fagráð getur lagt til við deildarráð að umsókn sé hafnað.

2. gr.

Aftan við upphafsmálslið 16. gr. kemur nýr málsliður svohljóðandi: Heimilt er þó að setja sérstakar reglur og kveða á í þeim um námsleiðir sem eru minnst 45 e.

3. gr.

Þá verða eftirtaldar breytingar á 105. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands, sbr. 5. gr. reglna nr. 532/2005:

1. Fyrsti málsliður 3. mgr. breytist og verður svohljóðandi: Til M.A.-prófs er að jafnaði krafist minnst 60 eininga.